

113/01 - Elliði GK-445

Elliði GK-445, skipverji fer fyrir borð með trollpoka, er bjargað af skipverjum

Elliði GK-445

Skipaskr.nr.: 2253

Smíðaður: Fosnavaag Noregi 1979 Stál

Stærð: 731,00 brl; 704,00 bt

Lengd: 50,50 m **Breidd:** 9,00 m **Dýpt:** 6,80 m

Vél: MAN B&W Alpha Diesel 1.770,00 kW

Árgerð: 1992

Annað:

Földi skipverja: 14



Atvikalýsing

Þann 12. desember 2001 var m/s. Elliði á útleið frá Akranesi á leið á miðin til síldveiða með flottrolli. Veður: Hægviðri, sjólítið.

Um kl. 11:00 voru skipverjar að vinna við að koma flottrollinu í sjóinn til að teygja á því svo hægt væri að koma því inn á flottrollstromluna. Þegar pokinn var að renna út veittu skipverjar því athygli að stroffa sem lá í rennunni myndi dragast út með honum. Þrátt fyrir aðvaranir annarra skipverja reyndi einn þeirra að ná til stroffunnar en við það varð hann fyrir bugt á trollinu með þeim afleiðingum að hann kastaðist fyrir borð. Tveimur björgunarhringjum var kastað á eftir honum og náði hann taki öðrum þeirra og gat hann haldið sér í hann þar til félagar hans komu honum til bjargar.

Við rannsókn kom fram

- að regla var um borð að menn við vinnu í vörpurennu væru með öryggislínu;
- að skipverjinn var ekki með öryggislínu í þetta sinn;
- að aðrir skipverjar sýndu æfð viðbrögð við að bjarga félaganum sínum.

Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.